

Fundargerð

Fundarstaður: Microsoft Teams

Tími: 8.30

28. apríl 2022

Nr. 1. Stjórnarfundur 2022. Aðalfundur
Þjóðveldisbæjarins

Fundinn sátu:

Einar Bjarnason

Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir

Hrönn Konráðsdóttir

Fjarverandi:

Efni fundar**1. Ársreikningur Þjóðveldisbæjarins 2021**

Guðrún Ólafía fór yfir ársreikning 2021 og var hann samþykktur samhljóða.

Ekki var unnin fjárhagsáætlun fyrir þennan fund vegna óvissu um í hvaða framkvæmdir stjórn vildi fara í. Gert er ráð fyrir að vinna fjárhagsáætlun þegar að ljóst er hve mikill kostnaður fer í viðgerðir.

2. Framkvæmdir 2022

Guðrún Ólafía fór yfir tilboð frá Stokkum og Steinum, varðandi viðgerð á Þjóðveldisbænum, fyrsta áfanga, austur gafl og suðurhlíð. Áætlaður kostnaður vegna klömburhleðslu og torfstungu eru 36.235.280 isk. Skoða þarf vissa þætti þegar að viðgerðin á sér stað, en nokkur óvissa er um frágang á dúkum á þakinu og þá hvernig vatnið rennur af þakinu og hvernig það kemst í burtu án þess að skemma veggina. Stokkar og Steinar vilja setja upp járnhillur við austur gaflinn til að koma í veg fyrir að hann sígi aftur, sá kostnaður er ekki inn í áætlun. Stjórnin var sammála um að Hrönn myndi ræða við sína samstarfsmenn sem hafa þekkingu og reynslu á hvernig járnhillur í svona byggingum hafa verið að koma út.

Stjórnarmenn voru sammála um að Guðrún myndi í framhaldinu ræða við Stokka og Steina og fara yfir tilboðið með það í huga að sjá hvort það væri hægt að skipta fyrsta áfanga upp vegna fjárhagsstöðu. Þjóðveldisbærinn á fyrir þessari viðgerð en það má lítið út af bera.

Í vetur fóru pípulagnir í sundur, vatn flæddi inn á salernin og inn í geymsluna þar sem leikmunir og bæklingar eru geymdir. Einar fór upp í Þjóðveldisbæ til að kanna aðstæður, tjónið á bæklingum var lítið og leikmunir voru flestir í plastkössum og varð því ekkert tjón á þeim. Guðrún Ólafía hafði samband við Lagnþjónustuna á Selfossi, ekki var komið tilboð frá þeim fyrir stjórnarfund en ljóst að fara þarf í viðgerðir og klára þær fyrir sumaropnun, 1. júní. Guðrún Ólafía heldur áfram að ræða við Lagnþjónustuna og upplýsir stjórn með töluþósti um gang mála og til að fá samþykki fyrir tilboði og framkvæmdum.

3. Sumarið 2022

Opnunartími Þjóðveldisbæjarins verður sá sami og síðustu ár eða frá 1. júní – 31. ágúst, opið verður alla daga frá kl. 10-17.

Við ráðningu sumarstarfsmanna var lögð áhersla á að ráða sem flesta úr nærsamfélagi. Þrír starfsmenn voru ráðnir og tveir af þeim erum úr sveitinni. Tvö hafa unnið áður heilt sumar og ein hefur tekið afleysingu. Þannig að þau þekkjá öll vel til og vita um hvað starfið snýst. Að venju sér sumarstarfsfólkið í Búrfelli um afleysingar.

4. Fundarskipulag



Gert er ráð fyrir amk tveimur fundum í viðbót á árinu, vorfundur (vorferð) og haustfundur. Haldnir verða fleiri stjórnarfundir eftir þörfum, tengt framkvæmdum í Þjóðveldisbænum.

5. Annað

Rætt var um að Hrönn myndi halda fræðslunámskeið eins og í fyrra fyrir starfsfólkið, stefnt er að því í byrjun sumars. Dagsetning ákveðin síðar.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 09.10

Fundarritari: GÓB